



Gerður Stefánsdóttir
Réttarholt
804 Kópavogur

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 6. september 2021
Tilv.: UMH21040061/2.3.4

Hér með ert þú skipuð í stýrihóp sem er falið það hlutverk að hafa umsjón með framkvæmd áætlunar - Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029 sem var gefin út í nóvember 2017 í samræmi við ákvæði 6. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um loftgæði á Íslandi 2018 - 2029. Hlutverk stýrihópsins er að kanna reglulega hvernig framkvæmdum aðgerða í loftgæðaáætluninni miðar.

Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar er í höndum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins en ráðuneytið vinnur í samstarfi við Umhverfisstofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, frjáls félagasamtök, atvinnulífið, Embætti landlæknis (sóttvarnalækni), önnur ráðuneyti og fagfólk að nánari útfærslu einstakra þátta áætlunarinnar og eru markmið hennar endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Ráðuneytið annast einnig, í samráði við Umhverfisstofnun, eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar og leggur mat á hvort aðgerðir hafi skilað væntanlegum árangri. Mat og eftirlit vegna áætlunarinnar er á hendi Umhverfisstofnunar, sem miðstöð í loftgæðaeftirliti og gagnasöfnun í málaflokknum.

Gert er ráð fyrir að loftgæðaáætluninni sé fylgt á öllum stigum stjórnsýslunnar og að hún sé viðmið fyrir stefnumótun stofnana og annarra sem starfa á þeim sviðum þar sem losun og styrkur loftmengunarefna koma við sögu. Það er einnig markmið að áætlunin njóti stuðnings sveitarfélaga, heilbrigðisnefnda, landshlutasamtaka sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, fagaðila og hagsmunasamtaka, fyrirtækja og aðila vinnumarkaðarins og almennings þannig að þessir aðilar stuðli að hreinu andrúmslofti með verkum sínum. Þá er þess einnig vænst að stefna ríkisins á öðrum sviðum samfélagsins stuðli að bættum loftgæðum hér á landi.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Sigurbjörg Sæmundsdóttir, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Friðfinnur Skaftason, sérfræðingur, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti,
Sigríður Jakobínudóttir, sérfræðingur, tilnefnd af heilbrigðisráðuneyti,
Margrét Þórólfsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti,
Hafþór Ingi Ragnarsson, læknanemi, tilnefndur af Ungum umhverfissinum,
Gerður Stefánsdóttir, líffræðingur, tilnefnd af náttúru- og umhverfisverndarsamtökum,
Svava S. Steinarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi, tilnefnd af Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi,
Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Páll Valdimar Kolka Jónsson, verkefnisstjóri, tilnefndur af Vegagerðinni,

Fríða Rún Þórðardóttir, formaður, tilnefnd af Astma- og ofnæmisfélaginu,
Einar Halldórsson, teymisstjóri, tilnefndur af Umhverfisstofnun,
Helga Finnsdóttir, fagstjóri, tilnefnd af Samgöngustofu.

Með stýrihópnum munu einnig starfa þau Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun og Vanda Úlfrún Liv Hellsing, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Stýrihópurinn er skipaður til þriggja ára og skal hópurinn upplýsa ráðherra tvisvar á ári um hvernig framkvæmdum aðgerða í loftgæðaáætluninni miðar.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í stýrihópnum.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson



Sigríður Auður Arnardóttir

Ljósrit: Tilnefningarteymi umhverfis- og náttúruverndarsamtaka